

Ed.

763. Nefndarálit

um frumvarp til viðauka við lög um verzlunarbækur.

Eins og frumvarp þetta nú er, þykir oss það ekki aðgengilegt og leyfum vér oss því, að ráða háttv. deild til, að samþykkja eftirfarandi breytingartillögur við það:

1. 1. gr. orðist svo:
Aftan við 2. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur, bætist: nemi viðskiftin meiru en 2 kr.
2. 2. gr. orðist svo:
Á eftir 7. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur komi ný grein, sem verði 8. gr. svohljóðandi:
Brot gegn 2. gr. varða sektum, í fyrsta sinn eigi lægri en 2 kr., og hækki sektin, ef oftár er brotið, þó ekki yfir 100 kr.
3. 3. gr. verði 9. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur svohljóðandi:
Kveði svo mikið að brotum gegn 3. og 5. gr. laga þessara, að öll bókfærslan sé í þeirri óreiðu, að hún geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, varðar það sektum og eftir atvikum missi verzlunarleyfis eitt ár eða lengur.
4. 8. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur verði 10. gr. o. s. frv.
5. Orðið »eins« í upphafi 4. gr. falli burt.
6. Á eftir orðunum í 4. gr. 2. lið »að þeim fresti« komi: liðnum.
7. Á eftir 4. gr. komi ný gr. sem verði 5. gr. þannig:
Á milli orðanna »rita samanlagðar« í 3. gr. laga 30. júlí 1909 um verzlunarbækur komi:
viðskiftin eins og þau eru skráð í frumbókina eða.
8. 5. gr., sem verður 6. gr. í frumvarpinu, orðist svo:
Þá er lög þessi eru staðfest skal stjórnin fella þau saman við lög 30. júlí 1909 um verzlunarbækur og gefi þau út með fyrirsögninni:
Endurskoðuð lög frá 30. júlí 1909 um verzlunarbækur.

Alþingi, 26. apríl 1911.

J. Havsteen,
formaður.

Gunnar Ólafsson,
skrifari og framsögumaður.

Aug. Flygenring.